

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 9. desember 2021
UST202112-078/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 og nýtt deiliskipulag fyrir Laugarás

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 7. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 og nýju deiliskipulagi fyrir Laugarás í Bláskógabyggð.

Í greinargerð segir að fram hafa komið ýmsar hugmyndir eru um breytt fyrirkomulag í Laugarási við gerð deiliskipulags fyrir svæðið, sem kalla á breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Þær hugmyndir sem hafa verið nefndar eru svæði fyrir samfélagsþjónustu þar sem heimild væri fyrir elli- og hjúkrunarheimili, fella út núverandi afþreyingar- og ferðamannasvæði AF32, en þar var rekið tjaldsvæði og skoða staðsetningu fyrir nýtt tjaldsvæði. Auk þess kemur fram að skoða á stækkun/breytingar á verzlunar- og þjónustusvæðum og hugmyndir um ný svæði, taka frá svæði þar sem gert verður ráð fyrir möguleika á nýrri brú yfir Hvítá og vegi að henni, yfirfara vegtengingar við Skálholtsveg, iðnaðarsvæði fyrir hreinsistöðvar fráveitu og dælustöðvar hitaveitu, hugsanlega verður afmörkun íbúðarsvæða breytt m.t.t. fráveitu og staðsetningar hreinsivirkja, eða útfærslu á lóðum í deiliskipulagi og athafnasvæðið AT4 verði hugsanlega nýtt undir íbúðarlóðir.

Hverir

Umhverfisstofnun telur æskilegt að það sé skoða í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands hvort að hverirnir í þéttbýlinu falli undir 61. gr . náttúrverndarlaga nr. 60/2013.

Tjarnir

Norðan við Brekkugerðisveg er lítil tjörn og bendir stofnunin á þann möguleika, að nýta hana og svæðið í kring sem opið svæði innan íbúðarsvæðis.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur

